Sþ. **143. Fyrirspurnir.** [86. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um félagsheimilasjóð.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað er að frétta af endurskoðun laga um félagsheimili og eflingu félagsheimilasjóðs, sbr. ályktun Alþingis 13. maí 1964 og fyrirheit menntamálaráðherra í þingræðu 5. maí 1965?

II. Til félagsmálaráðherra varðandi greiðslu sjúkrakostnaðar í einkasjúkrahúsum.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hvað hefur Tryggingastofnun ríkisins gert til þessa til þess að leysa deiluna við einkasjúkrahúsin, St. Jósepsspítalana í Reykjavík og Hafnarfirði?
2. Hvenær má vænta þess, að sjúkratryggt fólk, sem vistast á fyrrgreind sjúkrahús, njóti að nýju sömu kjara og sjúklingar í opinberum sjúkrahúsum?